

FYLGISKJAL NR. 2004

DAGS 29.05.2007

**SAMANTEKT:**

Á aðalfundi Samverndar eignarhaldsfélags ehf, kt. 550197-2199, var tekinn fyrir ársreikningur fyrir rekstrarárið 2005.

Fram kemur í skýrslu stjórnar að tap hafi verið á félaginu sem nam 13,0 milljónir króna og eigið fé neikvætt sem nam 20,6 milljón króna. Hlutfé var 1 milljón króna og allt í eigu Arnórs H. Arnórssonar.

Áritun óháðs endurskoðanda var í höndum KPMG hf.

Sé litið á efnahagsreikning félagsins fyrir bæði 2005 og 2004 voru þar fastafjármunir, þ.e. fasteignir, í eigu félagsis fyrir bókfært verð kr. 36,6 milljónir króna (lok árs 2005) en 78,4 milljónir króna (lok árs 2004), innréttingar fyrir um 910 þúsund krónur (lok árs 2005) og 1,4 milljónir tæpar í lok árs 2004) en engin hlutabréf tilgreind í eigu félagsins í árslok.

Langtímaskuldir eru sagðar hljóða uppá bókfært virði kr. 37.318.500,- í árslok 2005, 66.892.029,- í árslok 2004. Varðandi skammtímaskuldir þá stóðu þær í nánast stað milli 2004 og 2005.

Sé litið í Skýringar á lið nr. 4 kemur fram að félagið hafi selt eignir (þ.e. fasteignir og lóðir) árið 2006 fyrir 40,5 milljónir. Ekki er hægt að sjá að þetta hafi skilað fyrirtækinu söluhagnaði enda tap á félaginu árið 2005 þrátt fyrir þessa sölu eigna. Skv. skýringarlið nr. 7 er yfirfæranlegt tap rúmar 92 milljónir króna.

